

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Bryggjuhverfi vestur, svæði 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. ágúst 2018, nýtt deiliskipulag fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Svæðið er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og til norðurs og vesturs í átt að sjó. Í tillögunni er stefnt að uppbyggingu til að styrkja byggðamynstur núverandi Bryggjuhverfis og mæta þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða auk þjónustu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vesturlandsvegur–Hallar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 19. október 2018, breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Vesturlandsvegur–Hallar. Í breytingunni felst að fellt er úr gildi 1.000 fermetra lágmarksstærð einstakra verslana. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 1. nóvember 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2018